Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 12.04.2013.

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulagsins:

„STÚDENTAGARÐAR VIÐ EGGERTSGÖTU“

Deiliskipulagið var upphaflega samþykkt í borgarráði 20.08.1991,
og gerðar hafa verið eftirfarandi breytingar á því:

- hæðarsetningu húsa, samþykkt í borgarráði 26.11.1991
- afmörkun lóðar stúdentagarða, samþykkt 28.10.2004 (mæliblað)
- breyting v. Eggertsgötu 24, samþykkt 05.06.2001

Breytingin felur í sér viðbótarheimildir varðandi leikskólastarfsemi og útigeymslur á lóðum leikskóla. Bæði er um að ræða uppfærslu í samræmi við núverandi ástand og nýjar heimildir.

Gildandi deiliskipulag:
Samkvæmt gildandi deiliskipulagi og breytingum á því, er heimilt að starfrækja leikskóla við Eggertsgötu 14.

Núverandi ástand:
Í dag eru starfræktir 3 leikskólar á svæðinu, við Eggertsgötu 8, Eggertsgötu 14 og Eggertsgötu 34. Byggðar hafa verið tvær óupphitaðar útigeymslur, samtals 34m² á lóð leikskólans við Eggertsgötu 14 og ein 20m² útigeymsla við Eggertsgötu 8. Útileiksvæði allra leikskólanna eru afgirt.

Breyting á deiliskipulagi:
Heimilt er að starfrækja leikskóla á 1.hæð /jarðhæð húsanna við Eggertsgötu 8, Eggertsgötu 30-32 og Eggertsgötu 34. Við Eggertsgötu 30-32 mun leikskóli koma í stað núverandi stúdentaíbúða.

Heimilt er að byggja óupphitaðar útigeymslur utan núverandi byggingarreita í tengslum við og innan afmarkaðra útisvæða leikskólanna ásamt því að heimilt verður að girða útileiksvæðin af.

Hámarksstærð útigeymslna er samtals 34m² við hvern leikskóla.

Hámarksmænishæð er 3.5 metrar og hámarksvegghæð 3 metrar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á embætt. skipul. fulltr. þann 24. maí 2013

Tillagan var grenndarkynnt frá 17. apríl 2013 með athugasemdafresti til 17. maí 2013

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. júní 2013

Björn Axelsson

Umhverfis- og skipulags
Borgartún 12